

---

# SELJADALSNÁMA

## Mosfellsbæ

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 19. október 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Mosfellsbæjar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar allt að 230.000 m<sup>3</sup> efnistöku í Seljadal, Mosfellsbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Seljadalsnáma – efnistaka. Tillaga að matsáætlun. Mosfellsbær og Efla, 19. október 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Mosfellsbæ dags. 8. janúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis dags. 11. janúar 2021,
- Minjastofnun Íslands dags. 30. desember 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 27. janúar 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 21. janúar 2021.
- Vegagerðinni með bréfi sem barst dags. 22. desember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 2. febrúar 2021.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Mosfellsbæjar eru kynnt áform um að bjóða út efnistöku á allt að 230.000 m<sup>3</sup> af efni á um 2 ha landsvæði í Seljadal. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla jarðefnis og fyrsta flokks steinefnis til notkunar í malbik á höfuðborgarsvæðinu.

Náman er í norðurhlíðum Seljadals sem liggur austan Hafravatns í Mosfellsbæ. Efni hefur verið unnið í Seljadal frá árinu 1986 og allt til 2018 en ekkert efni hefur verið unnið úr námunni síðan þá. Flatarmál efnistökusvæðis sem þegar hefur verið raskað og gengið frá er um 6 ha.

Fram kemur í tillögu Mosfellsbæjar að eftir að Seljadalsnámu var lokað hafi þurft að flytja inn steinefni erlendis frá til að fá sambærilegt gæðaeefni.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.



## Efnisval og efnispörf

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að grágrýtið sem eigi að nýta úr Seljadalsnámu sé algengt í berggrunni höfuðborgarsvæðisins. Því þurfi að skoða hvort ekki sé möguleiki á að sambærilegt efni sé að finna á svæði sem er betur fallið til námuvinnslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að engin þekkt svæði hafi efni af sambærilegum gæðum í vinnanlegu magni í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Gerðar hafi verið ótal rannsóknir og jarðkannanir í og við höfuðborgarsvæðið og það sé ekki kunnugt um sambærilegt gæðaeefni í vinnanlegu magni í nágrenni við höfuðborgarsvæðið. Þess í stað er flutt inn steinefni erlendis frá til að uppfylla gæðakröfur.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim jarðefnaeiginleikum sem sóst er eftir til að nota efnið í malbik og hver sé sérstaða efnisins úr Seljadalsnámu umfram aðra staði sem hafa verið skoðaðir á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt þarf að greina frá því hversu lengi Seljadalsnámu er ætlað að endast miðað við áætlað magn sem fyrirhugað er að taka úr námunni.

## Valkostir

Í tillögu Mosfellsbæjar segir að ekki standi til að fjalla um aðra valkosti en framlagðan aðalvalkosti ásamt því að fyrirhugað er að fjalla um núll-kost.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu ávallt gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Þá skal tilgreina ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Valkostaumfjöllun vegna efnistöku úr Seljadalsnámu getur til að mynda snúið að afmörkun efnistökusvæðis, áfangaskiptingu, vinnslutíma, flutningsleiðum eða vélum og vörubílum sem notast á við.

## Landmótun og frágangur í verklok

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef fyrirhuguð efnistaka er sú síðasta sem ráðist verði í á þessum stað eigi að leggja áherslu á að fella efnistökusvæðið sem best að landi þannig að efnistakan skilji ekki eftir lýti í landinu sérstaklega þegar verndargildi Seljadals er haft í huga.

Framkvæmdaraðili bendir á að í frummatsskýrslu verði fjallað um frágang námunnar og hvernig verði reynt að fella svæðið sem best að aðliggjandi umhverfi.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvernig frágangi námunnar verði háttað. Skipulagsstofnun hvetur til þess að samband vinnslu og frágangs verði með þeim hætti að lágmarka umfang raskaðs og ófrágengins svæðis.

## Ásýnd og landslag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að frummatsskýrslu verði fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og áhrif á einkenni landslags. Megináhersla verði á ásýnd frá nærliggjandi frístundabyggð og stöðum þar sem útivistar fólk á leið um svæðið. Hugsanleg áhrif námunnar á gildi landslags og sjónræna þætti verða metin.

Áhrifa af efnistökunni gæti nú þegar en gerð verður grein fyrir viðbótaráhrifum af vinnslu næstu árin og reynt að gera grein fyrir því á myndrænan hátt hvernig svæðið muni líta út að frágangi loknum. Ekki standi til að útbúa líkanmyndir í þrívídd heldur eingöngu einfaldar skýringarmyndir, enda lítt áberandi viðbót við áður raskað svæði. Til séu myndir sem sýni hvernig opin náma líti út á þessum stað og jafnframt eru til myndir af sömu námu eftir að frágangi á henni lauk. Það ætti að



gefa góða hugmynd um ásýnd efnistökkunnar og áhrif á landslag, bæði á rekstartíma námunnar og að frágangi loknum.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að birta í frummatsskýrslu loftmynd sem sýni nákvæma stækkun efnistökusvæðisins sem og aðkomuvegi og aðstöðu sem mögulega þarf vegna starfseminnar. Greina þarf frá því hvaða vegum og íveruhúsum náman muni sjást.

### **Flutningsleiðir og umferð**

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlaðri umferð, vegna efnisflutninga úr Seljadalsnámu, líklegustu flutningsleiðir og tímasetningu flutninga. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hversu mikið umferð eykst vegna efnisflutninga um ráðgerðar flutningsleiðir.

### **Hljóðvist og loftgæði**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þegar tillagan var auglýst hafi borist 20 athugasemdir. Í flestum er lýst yfir andstöðu við framhald námurekstrar í Seljadal. En í mörgum byggir andstaðan fyrst og fremst á ótta við rykmengun og hávaða. Skipulagsstofnun telur því brýnt að í frummatsskýrslu verði upplýst sérstaklega hvernig hljóðvist og loftgæði muni breytast við það að náman verði opnuð á ný.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir helstu hljóðuppsprettum frá efnisflutningum og starfsemi í námunni og tilgreint sérstaklega hvernig hljóðstig breytist við þau íbúðar- og frístundahús sem verða fyrir áhrifum vegna starfseminnar. Jafnframt þarf að greina frá mögulegum mótvægisáðgerðum vegna hljóðmengunar.

Að sama skapi telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir helstu uppsprettum ryks vegna starfsemi í námunni og efnisflutninga. Gera þarf grein fyrir hvar muni helst gæta neikvæðra áhrifa vegna rykmengunar og tilgreina mögulegar mótvægisáðgerðir til að halda rykmengun í lágmarki og verja þá sem einkum eru í hættu á því að verða fyrir sérstöku ónæði vegna rykmengunar.

### **Vöktun**

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## **4 NIÐURSTAÐA**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mosfellsbæjar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim jarðefnaeiginleikum sem sóst er eftir til að nota í malbik og sérstöðu efnisins úr Seljadalsnámu umfram aðra staði sem hafa verið skoðaðir á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að greina frá því hversu lengi Seljadalsnámu er ætlað að endast miðað við áætlað magn sem fyrirhugað er að taka úr námunni.
2. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frágangi námunnar verði háttáð og hversu stór hluti námusvæðisins verði opin hverju sinni á meðan vinnsla stendur.



4. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á loftmynd nákvæma stækkun efnistökusvæðisins sem og aðkomuvegi og aðstöðu sem mögulega þarf vegna starfseminnar. Greina þarf frá því hvaða vegum og íveruhúsum náman muni sjást.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlaðri umferð vegna efnisflutninga úr Seljadalsnámu, líklegustu flutningsleiðir og tímasetningu flutninga. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hversu mikið umferð eykst vegna efnisflutninga vegna námurekstrarins um ráðgerðar flutningsleiðir.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu hljóðuppsprettum frá efnisflutningum og starfsemi í námunni og tilgreina sérstaklega hvernig hljóðstig breytist við þau íbúðar- og frístundahús sem verða fyrir áhrifum vegna starfseminnar. Jafnframt þarf að greina frá mögulegum mótvægisáðgerðum vegna hljóðmengunar.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir helstu uppsprettum ryks vegna starfsemi í námunni og efnisflutninga. Gera þarf grein fyrir hvar muni helst gæta neikvæðra áhrifa vegna rykmengunar og tilgreina mögulegar mótvægisáðgerðir til að halda rykmengun í lágmarki og verja þá sem einkum eru í hættu á því að verða fyrir sérstöku ónæði vegna rykmengunar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 9. apríl 2021.

Reykjavík, 8. mars 2021.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson